


Síða 1 í 3	Fjölbrautaskóli Vesturlands	
	<b>Námsáætlun</b> <b>JARF2JA05</b> <b>Haustönn 2018</b>	

<b>Kennari/kennarar:</b> Finnbogi Rögnvaldsson	<b>Netfang/netföng:</b> finnbogi@fva.is
---	--


**Námsgögn:** Almenn jarðfræði eftir Jóhann Ísak Pétursson og Jón Gauta Jónsson. Kennari vísar á frekara efni.

**Lýsing:** Glærur úr námsefninu liggja frammi á innu auk þess sem öll verkefni verða birt þar. Tvö hlutapróf og fimm skilaverkefni verða lögð sem hluti af námsmati. Ætlast er til þess að nemendur skili öllum verkefnum. Farin er ferð á önninni, þar sem áhugaverðar jarðmyndanir verða skoðaðar. Nemendum er ætlað að vinna verkefni í tengslum við ferðina.

**Markmið:** Nemendur eiga að geta lýst grundvallar atriðum flekakenningarinnar og þekkja sögu hennar í meginatriðum s.s. hvenær hún kemur fram og hvaða athuganir liggja til grundvallar henni.

Nemendur þekki helstu hugmyndir um eldvirkni á Íslandi og myndunarsögu landsins. Einnig skulu þeir þekkja tengsl há- og lághita við eldvirkni og jarðhitastigul hér á landi. Þeir eiga að þekkja algengustu steindir og bergtegundir hérlendis og þekkja myndun holufyllinga í berggrunnum. Einnig eiga þeir að þekkja hugmyndir um myndun bergkviku undir Íslandi og tengsl eldvirkni hér við flekaskil og heitan reit. Nemendur eiga að þekkja hugmyndir um orsakir og upptök jarðskjálfta á Íslandi.

Nemendur eiga að geta sagt frá mótun Íslands, helstu landmótandi ferlum og geta nefnt dæmi um ákveðin form s.s. jökulsorfna dali, árfarvegi og samspil sjávar og áframburðar á landslag.

Síða 2 í 3	Fjölbrautaskóli Vesturlands	
	<b>Námsáætlun</b> <b>JARF2JA05</b> <b>Haustönn 2018</b>	

**Námsmat:** Námsmat samanstendur af tveimur hlutaprófum og 6 jafngildum verkefnum. Verkefni geta ýmist verið heima- eða tímaverkefni.

Hlutapróf: 20% hvort um sig. Verkefni 60%.

Heimaverkefni sem skilað er þegar meira en vika er liðin frá því þau eru lögð fyrir eru ekki metin nema annars sé getið. Nemendur þurfa að ná lágmarkseinkunn (4,5) í meðaleinkunn allra námsþátta til að standast áfangann.

**Aðrar mikilvægar upplýsingar:** Tímasetning jarðfræðiferðar liggur ekki fyrir en reynt verður að tímasetja hana sem fyrst.


**Tími við nám:**

Tímasókn 60 klst.

Heimavinna 45 klst.

Alls: 105 klst.

Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmatsþættir
1	20.8-24.8	Kafli 2	
2	27.8-31.8	Kafli 2.	
3	3.9-7.9	Kafli 2.	
4	10.9-14.9	Kafli 3.	
5	17.9-21.9	Kafli 3.	
6	24.9-28.9	Kafli 4.	
7	1.10-5.10	Kafli 4 og 5.	
8	8.10-12.10	Kafli 5.	
9	15.10-17.10	Kafli 6. Miðannarmat 17. og miðannarfrí 18.-21.	
10	22.10-26.10	Kafli 6 og 7.	
11	29.10-2.11	Kafli 7.	
12	5.11-9.11	Kafli 8.	
13	12.11-16.11	Kafli 8 og 9.	

Síða 3 í 3	Fjölbrautaskóli Vesturlands	
	<b>Námsáætlun</b> <b>JARF2JA05</b> <b>Haustönn 2018</b>	

14	19.11-23.11	Kafli 9.	
15	26.11-30.11	Kafli 9.	
16	3.12-7.12	Kafli 9 – tímaverkefni.	
17	10.12-14.12	Samantekt – hlutapróf 2.	
18	17.12-18.12	Prófsýning og sjúkrapróf.	
19			

*Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.*